

Atvinnu- og nýsköpunarsjóður Húnaþings vestra

Úthlutunarreglur

Markmið sjóðsins er að hvetja til jákvæðrar umræðu og verkefna á sviði atvinnuþróunar í Húnaþingi vestra. Sjóðnum er ætlað að styðja við frumkvæði íbúa og hvetja til samstarfs og nýsköpunar í sveitarfélaginu.

Áherslur Atvinnu- og nýsköpunarsjóðs Húnaþings vestra lúta að verkefnum sem stuðlað geta að auknum umsvifum, betri afkomu og rekstri fyrirtækja og þróun og nýsköpun í atvinnulífi í Húnaþingi vestra.

Styrkir sem veittir eru úr Atvinnu- og nýsköpunarsjóði eru fyrst og fremst verkefna- og framkvæmdastyrkir, ekki rekstrarstyrkir eða styrkir til að mæta opinberum gjöldum eða greiða skuldir.

Sveitarstjóri annars daglega umsjón Atvinnu- og nýsköpunarsjóðs og samskipti við umsækjendur og styrkhafa.

Umsækjendur:

- Sækja um með þar til gerðu umsóknarformi sem fæst í Ráðhúsi Húnaþings vestra eða sækja rafrænt á vefsíðuna <http://www.hunathing.is>
- Skila umsóknum fyrir lok umsóknarfrests. Umsóknir sem berast eftir lok skilafrests eða uppfylla ekki kröfur um umbeðnar upplýsingar koma ekki til greina við úthlutun.
- Geta verið einstaklingar, félög og/eða fyrirtæki sem lögheimili eiga í Húnaþingi vestra.
- Skulu gera skýra grein fyrir verkefninu, nýnæmi þess, markmiðum og væntum árangri.
- Skulu gera skýra grein fyrir tímaáætlun og áætluðum heildarkostnaði við verkefnið.

Veittir eru styrkir til að standa straum af allt að 50% af heildarkostnaði við viðkomandi verkefni.

Upphæð styrkja er frá 100.000 kr. til 2.000.000.

Heimilt er að veita styrki til kaupa á búnaði eða öðrum hlutum sem nauðsynlegir eru til undirbúnings og framkvæmdar verkefnisins. Kostnaður við kaup á búnaði og fastafjármunum má þó ekki fara yfir 40% af áætluðum heildarkostnaði verkefnisins.

Styrkhöfum er heimilt að telja eigin vinnu fram sem kostnað við verkefnið. Sé það gert, skal ætíð miða við að um raunlaunakostnað sé að ræða, ekki útselt tímagjald.

Byggðarráð Húnaþings vestra fer yfir þær umsóknir sem berast og gerir tillögu um úthlutun til sveitarstjórnar sem afgreiðir umsóknir endanlega. Skal niðurstaða færð til bókar í fundargerð sveitarstjórnar og birt opinberlega.

Öllum umsækjendum skal tilkynnt um niðurstöðu úthlutunar, bréflega og/eða með tölvuskeyti.

Þeir umsækjendur sem hljóta styrk samþykkja að fram fari kynning á verkefnum þeirra á vettvangi Húnaþings vestra, skv. nánara samkomulagi þar um. Við umfjöllun og kynningu verkefna sinna ber styrkhöfum að geta þess að styrkur hafi fengist til verksins frá Atvinnu- og nýsköpunarsjóði Húnaþings vestra.

Byggðarráði er heimilt að kalla til umsagnaraðila til aðstoðar við mat á umsóknum ef þurfa þykir, enda gæti umsagnaraðilar að þagnarskyldu um verkefni og málefni umsækjenda.

Ekki er veittur rökstuðningur til umsækjenda vegna vals á þeim umsóknum sem styrk hljóta hverju sinni.

Gerður er verksamningur um hvert verkefni og við undirritun hans er helmingur styrkfjárhæðarinnar greiddur. Síðari hluti styrksins er greiddur við lok verkefnisins, enda liggi þá fyrir skrifleg greinargerð um ráðstöfun styrksins og framkvæmd verkefnisins svo og fjárhagsuppgjör sem samþykkt hefur verið af Byggðarráði Húnaþings vestra.

Ef framkvæmd verkefnis hefst ekki innan tólf mánaða frá úthlutun styrks, fellur styrkurinn niður og ber þá styrkhafa að endurgreiða þann hluta sem kann að hafa verið greiddur við undirritun verksamnings. Verksamning skal undirrita innan þriggja mánaða frá úthlutun, að öðrum kosti fellur styrkurinn niður. Reikningshald vegna verkefnisins þarf að vera aðskilið öðrum rekstri umsækjenda. Nægjanlegt er að styrkhafar geri sérstakan rekstrarreikning vegna verkefnisins.

Styrkhafar bera ábyrgð á því að allar reglur og lög um reikningsskil séu virtar.

Efnislegar breytingar sem kunna að verða frá umsókn við framkvæmd verkefnisins þarfnast samþykkis Byggðarráðs Húnaþings vestra. Byggðarráði er heimilt að krefjast endurgreiðslu ef verkefnið er ekki unnið eða umtalsverð frávik verða við framkvæmd þess frá þeirri umsókn sem samþykkt var upphaflega.

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar 27. apríl 2015